Ed. **916. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 33, 2. nóv. 1914, um breytingu á sveitarstjórnarlögum frá 10. nóv. 1905.

Frumvarp þetta fer fram á þá breytingu á gildandi sveitarstjórnarlög-

um, að leggja megi útsvar á atvinnu útlendra skipa við verkun á síld á höfnum inni, þótt rekin sje styttri tíma en 8 vikur á ári.

Þar sem hjer er um mjög mikilsverðan og arðsaman atvinnuveg að ræða, er nefndin á einu máli um það, að breyting þessi sje rjettmæt, og ræður því háttvirtri deild til að samþykkja frumvarpið óbreytt.

Alþingi 9. sept. 1915.

Kristinn Daníelsson,
form.

Guðm. Ólafsson,
skrifari og framsögum.

Sigurður Stefánsson.